



4. Fundur stjórnar – 28. ágúst 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 20:00.

Pessi sátu fundinn: Dóra Magnúsdóttir (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Halldór Kolbeins (HK), Hallfríður Þórarinsdóttir (HP), Jóna Fanney Friðriksdóttir (JF), Leifur Björnsson (LB), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ.) og Snorri Steinn Sigurðsson (SSS). Jóhanna Magnúsdóttir, hafði boðað forföll.

Formaður setti fund kl. 20.03.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Áherslur stjórnar og einstaka stjórnarmanna veturinn 2023-2024.

Umræða stjórnar um helstu áhersluatriði og forgangsverkefni veturinn 2023-2024. Farinn hringur þar sem stjórnarfolk létti á hjarta sínu um málefni LS. Tölverðar umræður voru um skjöld LS sem hefur mikið verið til umræðu.

Afgreiðsla: Ákveðið að setja á laggirnar starfshóp sem kemur fram með tillögur um lausn að málinu og buðu SAÁ, GME og HK sig fram í þann hóp. Tillögur starfshóps liggja fyrir næsta stjórnarfund.

Stjórn stefnir að vinnufundi í haust eða snemmvetrar þar sem m.a. stefnumótun LS verði rædd, dagsetning liggur fyrir síðar.

2. Sex mánaða uppgjör félagsjóðs Leiðsagnar.

Gjaldkeri félagsins fór yfir sex mán. uppgjör og gerði grein fyrir einstaka liðum í samanburði við hálfársuppgjör 2022. Rekstrartekjur eru að hækka um ca. 15%-20% milli ára. Annar rekstrarkostnaður (án launa og húsaleigu) hefur hækkað um 13%. Launakostnaður skrifstofu hækkað um 42%, vegna hærra starfshlutfalls og launahækkunar á síðasta ári, auk ökutækjastyrks.

Félagsmenn Leiðsagnar eru í ágúst 2023 1.025 manns og greiða nú um 85% þeirra árlegt aðildargjald (nú kr. 9.000,-). Fjöldi þeirra sem greiða stéttarfélagsgjöld til félagsins eru 540, þar af eru einungis 295 aðilar sem greiða þá lágmarksupphæð sem veitir m.a. rétt til kosninga um kjarasamninga skv. lögum félagsins. Stjórn lýsir yfir þungum áhyggjum yfir því hversu fáir leiðsögumenn hafa atkvæðisrétt um kjarasamninga.

Afgreiðsla: Uppgjörið er lagt fram til kynningar í stjórn.

3. Félagsfundir í gegnum fjarfundabúnað í vetur og nýr umræðuvettvangur á FB: „Félagar í Leiðsögn“

Áhugi er hjá stjórn að eiga nánara samtal við félagsmenn um málefni sem á þeim brenna og tengjast félaginu og því er tengist starfi leiðsögumanna. Rætt um að halda félagsfundi í formi fjarfunda reglulega, einnig hefur nýr umræðuvettvangur á FB (FB-grúppa) verið stofnaður, þar sem núverandi FB-síða Leiðsagnar býður ekki upp á gagnvirkni og samtal.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að halda reglulega félagsfundi/fjarfundi í vetur og stofna samtals við félagsmenn í FB-hópnum *Félagar í Leiðsögn*. Sendur verði út fjöldapóstur til kynningar til félagsfólks.

4. Samningur við Jakob Jónsson vegna styrks úr Endurmenntunarsjóði 2021 um gerð faghandbókar.

Samningurinn er undirritaður af formanni Leiðsagnar og Jakobi Jónssyni þ. 14. ágúst sl.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning.

SAÁ bókar að úr 5. lið sé felld út krafa að framsetning gagna sé í heimasíðuformi, uppsett og aðgengileg og allir hnappar virki.

5. Ráðningarsamningur formanns Leiðsagnar

Samningurinn kveður á um 25% starfsgildi og kjör formanns sem eru hin sömu og forvera hennar, en í samningnum er hnykkt á fjölda annarra atriða s.s. útgjaldaheimild, ábyrgð og helstu skyldum formanns.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi ráðningarsamning formanns og felur gjaldkera stjórnar að undirrita hann.

Sbr. ákvörðun síðasta stjórnarfundar, 15. júní 2023 var samþykkt að starfshópur/launanevnd um launamál formanns ritari, (DM), varaformaður (SSS) og gjaldkeri (GM)) yfirfæru ráðningarsamninga starfsmanns og formanns, skoðuðu röðun launa og laun/þóknanir fyrir sambærileg störf hjá öðrum stéttarfélögum af sambærilegri stærð. Starfshópurinn er sammála um að launamunur formanns sem jafnframt gegnir hlutverki framkvæmdastjóra og starfsmanns skrifstofu sé of lítill <10% m.v. ábyrgð/skyldur og að það sé óeðlilegt sé miðað við önnur stéttarfélög.



Starfshópurinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að laun formanns séu of lág miðað við laun formanna hjá stéttarfélögum af svipaðri stærðargráðu.

Launanevnd telur þó að m.v. stöðu félagsins í ljósi 6 mán. uppgjörs að ekki sé borð fyrir báru að hækka laun formanns og leggur til að tekinn verði snúningur á málinu í byrjun næsta árs þegar ársuppgjör liggur fyrir.

Formaður (JFF) vill að skýrt komi fram að hún hafi aldrei beðið um launahækkun né hækkun stöðugildis (25%) eftir að hún tók við formannskeflinu sl. vor. Athugun á kjörum annara formanna og samanburður milli starfsmanns og formanns hafi verið að frumkvæði annarra í stjórn (ofangreinds starfshóps/launanevndar).

6. Kjarabrotamál

6.1. Skjalavarsla og verkferlar

Formaður greindi frá því að í sumar hafi hún sett áherslu á að skerpa á verkferlum kjarabrotamála þar sem ábyrgð virðist oft á tíðum hafa verið óljós. Skýrir verkferlar hafa verið teiknaðir upp sem fylgja þarf, til að tryggja yfirsýn og eftirfylgni. Einnig hafi skort á stafræna skjalavistun og því oft óljóst hvar einstaka mál væru stödd. Nýverið innleiddi formaður skjalavörslukerfi sem hún smíðaði, þar sem vista þarf öll mál er koma inn til úrlausnar félagsins. Stafræn skjölun allra kjarabrotamála sem þegar hafa verið á borði Leiðsagnar, er nú hafin. Telur formaður að skoða megi á síðari stigum hvort félagið eigi að fjárfesta í skjalavörslukerfi, en nú sé mikilvægast að ná yfirsýn. Til að auðvelda útreikninga kjaramála hefur formaður einnig innleitt skjal sem auðvelda á alla útreikninga, koma í veg fyrir villuinnslátt og ekki síst að þjóna þeim tilgangi til að hafa gögn aðgengileg og skýr þegar þau eru send til launainnheimtu til vinnuveitenda og/eða lögfræðiinheimtu. Formaður skýrði fyrir stjórn verkferlarit og dæmi um skjölun kjarabrotamála, sagði hún að kjarabrotamálin væru fyrsta skrefið, því færa þyrfti fleiri málefni félagsins inn í skjalavistun.

Afgreiðsla: Málefnið er til kynningar í stjórn.

6.2. Staða kjarabrotamála

Formaður, ásamt starfsmanni er að yfirfara eldri útreikninga og kanna stöðu einstakra mála eftir að þau hafa verið skjalavistuð. Hefur formaður, í samráði við varaformann sagt upp þjónustu Íslensku lögfræðistofunnar og leitað samninga við lögfræðiþjónustu Láru V. Júlíusdóttur, LL3. Fyrsti fundur formanns ásamt starfsmanni skrifstofu með nýjum lögmanni verður á morgun, þriðjudag 29. ágúst. Telur formaður að skoða/endurreikna þurfi hvert mál upp á nýtt í nýju útreikningarforriti áður en haft er samband við vinnuveitendur og/eða þau send í launainnheimtu hjá lögfræðiþjónustu.

Afgreiðsla: Liðurinn er til kynningar í stjórn.

6.3. Vinnueftirlit í sumar

HP og SSS greindu frá eftirliti í júlímánuði með ASÍ ofl. Ónógur undirbúningur varð til þess að eftirlitið gekk ekki nógu vel. HP nefndi að það hefði þurft að hafa fulltrúa frá skattinum og Vinnumálastofnun með í för til að heimsóknir af þessu tagi yrðu skilvirkari. Málið þarf að vera í skýrari farvegi.

Afgreiðsla: Liðurinn er til kynningar í stjórn.

7. Kjarasamningar 2024

7.1. Starfshópur Leiðsagnar vegna viðræðna um samstarf við önnur stéttarfélög vegna kjarasamninga 2024.

DM, formaður starfshópsins fór yfir þær viðræður sem átt hafa sér stað nýverið við önnur stéttarfélög.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að vísa tillögum starfshóps til trúnaðarráðs.

Eftirfarandi liðum dagskrár er frestað til næsta/næstu funda: 7. Kjarasamningar 2024: 7.2. Erindisbréf kjaranefndar frá 2020 lagt fram, 7.3.

Erindisbréf viðræðunefndar frá 2018 lagt fram, 7.4. Vinnuþáttur: Viðræðunefndar /Kjaranefndar. 8. Fastanefndir Leiðsagnar: Yfirlit yfir verkefni vetrarins

9. Drög að starfsreglum innan Leiðsagnar er varða trúnað og þagnarskyldu.

Fleira ekki rætt.
Fundargerð borin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 22:10
Fundarritun: DM